

## REGLUGERÐ

### um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1252/2019 um stuðning í nautgriparækt.

#### 1. gr.

3. mgr. 14. gr. verður svohljóðandi:

Frá og með 1. september 2020 þegar haldinn verður markaður fyrir greiðslumark mjólkur verður hámarksverð greiðslumarks sem nemur þreföldu afurðarstöðvaverði og mun það gilda fyrir alla markaði út árið 2023. Á markaði sem haldinn verður þann 1. september 2020 verður hámarksverð kr. 294 og mun krónutalan uppfærast samhliða breytingum á afurðarstöðvaverði á tímabilinu.

#### 2. gr.

Við 4. mgr. 16. gr. bætast tveir nýir málslíðir svohljóðandi:

Forgangsmagn skiptist hlutfallslega milli nýliða í samræmi við þann lítrafjölda sem þeir óskuðu eftir að kaupa. Það greiðslumark sem þá er eftir skal boðið öðrum kaupendum á sama hátt; sem og aðilum sem nutu forgangs.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum og búnaðarlögum nr. 70/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. júlí 2020.*

F.h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Ása Þórhildur Þórðardóttir.*